

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 11. febrúar 1974

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra

(74/132/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE <sup>(1)</sup> frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, eins og henni var breytt með viðauka í lögum <sup>(2)</sup> um innngöngu nýrra aðildarríkjanna í EBE og KBE sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 11., 12. og 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 <sup>(3)</sup> um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, eins og henni var breytt með viðauka í lögum <sup>(4)</sup> um innngöngu nýrra aðildarríkjanna í EBE og KBE sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mörg slys verða þegar hjól læsast á afturási tómrar vörubifreiða og dráttartækja vagnalesta eða við það að hjól læsast á eftirvagni eða festivagni þegar hemlað er á vegi með lítilli veggrip. Við þessi skilyrði getur skipting hemlunarátaks,

sem er góð þegar ökutækið er með hleðslu, verið alveg óviðunandi við þau skilyrði þegar ökutækið er tómt og getur það leitt til þess að hjólin á afturási vélknúna ökutækisins eða hjólin á ásum eftirvagnsins læsist, jafnvel þótt tiltölulega lítið sé dregið úr hraða, og valdið því að ökutækið eða samtengd ökutæki renni til eða hendist sitt á hvað á veginum.

Vegna tækniframfara er nú unnt að setja búnað í ökutæki sem jafnar hemlunarátaki á ása ökutækisins eftir álagi.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að lagla, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunar til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum II og IX við tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. mars 1974 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða hemlabúnað:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 115 og 157.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 37.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 118, 119 og 158.

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða afhendingu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði tekið í notkun ef hemlabúnaður þessarar gerðar ökutækis eða ökutækja samrýmist ákvæðum tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.
2. Frá og með 1. janúar 1975:
- skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjal það sem greint er frá í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður samrýmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari;
- geta aðildarríkin synjað um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður samrýmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.
3. Frá og með 1. október 1975 getur aðildarríki bannað að ökutæki verði tekið í notkun ef hemlabúnaður samrýmist ekki ákvæðum tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.
4. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júní 1974 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
3. gr.
- Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.
- Gjört í Brussel 11. febrúar 1974.
- Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
Francois-Xavier ORTOLI  
*forseti.*

## VIÐAUKI

**Breytingar á viðaukum við tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 (71/320/EBE)****II. VIÐAUKI: HEMLABRÓFUN OG AFKÖST HEMLABÚNAÐAR**

Liður 1.1.3.4. verði svohljóðandi: Með fyrirvara um kröfurnar í lið 1.1.4.2. hér á eftir skal yfirborð vegarins hafa gott veggrip.

Á eftir lið 1.1.4.1. bætist við liður:

1.1.4.2. Hegðun ökutækja í flokkum  $M_1$ ,  $M_2$ ,  $M_3$ ,  $N_1$ ,  $N_2$ ,  $N_3$ ,  $O_3$  og  $O_4$  á vegaryfirborði með lítið veggrip skal uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í viðbætinum.

Viðbætur (Sjá 1.1.4.2): JÖFNUN HEMLUNARÁTAKS Á MILLI ÁSA ÖKUTÆKISINS

**1. ALMENNAR KRÖFUR**

Ökutæki í flokkum  $M_1$ ,  $M_2$ ,  $M_3$ ,  $N_1$ ,  $N_2$ ,  $N_3$ ,  $O_3$  og  $O_4$  sem eru ekki með læsivarnarbúnað fyrir hjól skulu uppfylla skilyrðin í þessum viðbæti.

**2. TÁKN**

$i$	=	ásstuðull ( $i = 1$ , framás; $i = 2$ , afturás).
$P_i$	=	eðlileg gagnverkun vegaryfirborðs á ás $i$ í kyrrstöðu.
$N_i$	=	eðlileg gagnverkun vegaryfirborðs á ás $i$ við hemlun.
$T_i$	=	hemlunarkraftur á ás $i$ .
$f_i$	=	$T_i/N_i$ , veggrip á ás $i$ .
$J$	=	hraðaminnkun ökutækis.
$g$	=	þyngdarhröðun = $10 \text{ m/s}^2$ .
$z$	=	hemlunarhlutfall ökutækis = $J/g^{(1)}$ .
$P$	=	þyngd ökutækis.
$h$	=	hæð þungamiðju.
$E$	=	hjólhaf.
$k$	=	viðmiðunarstuðull veggrips milli hjólbarða og vegar.

Veggripsferill ökutækis er ferill sem sýnir veggrip fram- og afturáss sem fall af hemlunarhlutfalli ökutækis við tiltekin álagsskilyrði.

**3. KRÖFUR FYRIR VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI****3.1. Tvíása ökutæki**

3.1.1.<sup>(2)</sup> Við öll álagsskilyrði ökutækis skal veggripsferill fyrir framhjól vera hærri en fyrir afturhjól:

— við öll hemlunarhlutföll á milli 0,15 og 0,8 þegar um er að ræða ökutæki í flokki  $M_1$ ;

— við hemlunarhlutföll á milli 0,15 og 0,30 þegar um er að ræða ökutæki í öðrum flokkum, að strætisvögnum undanskildum.

Að auki, fyrir  $k$ -gildi á milli 0,2 og 0,8

$$z \geq 0,1 + 0,85(k - 0,2)$$

3.1.2. Ofangreind skilyrði skulu uppfyllt sjálfkrafa.

<sup>(1)</sup> Á festivögnum er  $z$  hemlunarkraftur deilt með stöðubunga áss/ása eftirvagnsins.

<sup>(2)</sup> Kröfurnar í lið 3.1.1 skal ekki túlka þannig að meiri skilvirkni sé krafist en mælt er fyrir um í II. viðauka.

- 3.1.3. Þrýstingur við slöngutengi vélknúins ökutækis sem hefur heimild til að draga eftirvagn með lofthemlum má ekki verða fyrir áhrifum frá notkun búnaðar sem jafnar þrýsting á ása dráttartækisins.
- 3.1.4. Svo sannprófa megi kröfurnar í lið 3.1.1 skal framleiðandi leggja fram feril fyrir nýtanlegt veggrip fyrir fram- og afturás, sem reiknuð er með formúlunum:

$$f_1 = \frac{T_1}{N_1} = \frac{T_1}{P_1 + z \frac{h}{E} P} \quad f_2 = \frac{T_2}{N_2} = \frac{T_2}{P_2 - z \frac{h}{E} P}$$

- 3.1.4.1. Ökutæki önnur en dráttartæki fyrir festivagna.

Draga skal ferla fyrir eftirfarandi hleðsluskilyrði:

- án hleðslu, tilbúið til aksturs með ökumann innanborðs;
- með hleðslu. Þegar ákvæði eru um margskonar dreifingu á hleðslu skal gera ráð fyrir þeim kosti þar sem mest álag er á framás.

Gildi sem framleiðandi tilgreinir skulu standa sem h.

- 3.1.4.2. Dráttartæki fyrir festivagna.

- 3.1.4.2.1. Dráttartæki án álags. Draga skal feril fyrir ökutæki án hleðslu og tilbúið til aksturs með ökumann innanborðs og gildi sem framleiðandi tilgreinir skal standa sem h.
- 3.1.4.2.2. Dráttartæki með álagi. Hreyfiálag festivagnsins á dráttartækið skal táknað með stöðuþyngdinni  $P_s$  sem beitt er á tengipinnann, en hún skal vera:

$$P_s = P_{so}(1 + 0,45 z)$$

þar sem  $P_{so}$  táknar mismun á milli hámarksþyngdar dráttartækisins með og án álags.

Eftirfarandi gildi skulu standa sem h:  $h = \frac{h_o P_o + h_s P_s}{P}$

þar sem

- $h_o$  er gildið sem tilgreint er í lið 3.1.4.2.1,
- $h_s$  er hæð tengiflatar sem festivagninn hvílir á.
- $P_o$  er þyngd dráttartækis án álags,
- $P = P_o + P_s$

- 3.2. **Ökutæki sem hafa fleiri en tvo ása**

Kröfurnar í lið 3.1 gilda um ökutæki sem hafa fleiri en tvo ása. Þessum kröfum telst fullnægt þegar um er að ræða hemlunarhlutfall á bilinu 0,15 — 0,30 og veggrip framáss er meira en veggrip eins afturáss að minnsta kosti.

#### 4. KRÖFUR FYRIR FESTIVAGNA

- 4.1. Eftirfarandi kröfur gilda einungis um festivagna með lofthemlakerfi.
- 4.2. Hemlakerfi festivagnanna skal vera þannig að ferill sem gefur til kynna hemlunarhlutfall ása festivagnsins sem fall af þrýstingi stýrileiðslu sem mælist við slöngutengi liggja innan skyggða svæðisins á meðfylgjandi skýringarmynd.
- 4.3. Þessa kröfu skal uppfylla við öll leyfileg álagsskilyrði ása á festivögnum.

#### 5. KRÖFUR FYRIR EFTIRVAGNA

- 5.1. Eftirfarandi kröfur gilda einungis um eftirvagna með lofthemlum. Þær gilda hvorki um hengivagna né tvíása eftirvagna þar sem ásbil er undir 2 metrum.

- 5.2. Kröfurnar í lið 3.1 gilda um tvíása eftirvagna sem eru ekki undanskildir samkvæmt kröfunum í lið 5.1.
- 5.3. Eftirvagnar sem hafa fleiri en tvo ása skulu heyra undir kröfurnar í lið 3.2.

#### 6. SKILYRÐI SEM BER AÐ UPPFYLLA EF BILUN VERÐUR Í HEMLUNARJÖFNUN

Þegar kröfur þessa viðbætis eru uppfylltar með því að nota sérstakan búnað (t.d. sem er stjórnað vélrænt með fjöðrunarbúnaði ökutækisins), skal vera unnt að stöðva ökutækið með þeim hætti sem lýst er fyrir neyðarhemlun ef bilun verður í þessum búnaði eða stjórnbúnaði hans.

#### 7. MERKINGAR

- 7.1. Ökutæki, önnur en úr flokki M<sub>1</sub>, sem fullnægja kröfum þessa viðbætis með hjálp búnaðar sem er stjórnað vélrænt með fjöðrunarbúnaði ökutækisins skulu vera með merkjum sem sýna stillingu búnaðarins þegar ökutækið er hlaðið, annars vegar, og óhlaðið hins vegar.
- 7.2. Þegar kröfur þessa viðbætis eru uppfylltar með hjálp þrýstiloftsknúins búnaðar skal merkja ökutækið þannig að þrýstingsgildi á úttakshlið búnaðarins sjáist þegar hemlað er að fullu bæði með og án hleðslu.
- 7.3. Merkingunum sem getið er um í liðum 7.1 og 7.2 hér að framan skal komið fyrir á óafmáanlegan hátt á áberandi stað.

#### 8. SKOÐUN ÖKUTÆKIS

Í EBE-gerðarviðurkenningarprófun ökutækis skulu skoðunaryfirvöld staðfesta samræmi við kröfurnar í þessum viðbæti og framkvæma frekari prófanir ef þurfa þykir. Bæta skal skýrslu um viðbótarprófanir við EBE-gerðarviðurkenningavottorðið.

**Skýringarmynd (sjá lið 4.2 í viðbætinum)**

z = hemlunarhlutfall

Þrýstingur stýrileiðslu (í börum)

IX. viðauki: **FYRIRMYND AÐ SKÝRSLU VARÐANDI EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKJA  
AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HEMLUN**

Á eftir lið 17 skal eftirfarandi nýjum liðum 17 (a) og 17 (a) 1 bætt við:

17 (a) Dreifing hemlunar á ása ökutækisins.

17 (a) 1 Uppfyllir ökutækið kröfurnar í viðbætinum (sjá lið 1.1.4.2.) . . . . . já/nei<sup>(4)</sup>.

\_\_\_\_\_